

Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 23. febrúar 2021

Mætt: Helga Guðný Sigurðardóttir, Bergrún Óladóttir, Stefanía, Anna Rós Sigmundsdóttir, Sigríður

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Matsalur – hljóðvist og of lítill tími til að matast.
3. Fræðsla – möguleg sameiginleg fræðsla með Smáraskóla.
4. Skólastarf á tímum Covid.
5. Félagsgjöld.
6. Foreldrarölt
7. Fundur með skólastjóra.
8. Fíkniefnasala í Hamraborginni.
9. Önnur mál

Niðurstaða

1. Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
2. Hljóðvist í matsal - Búið er að setja upp bæði kerfisloft og gardínur til að bæta hljóðvist í matsal. Mest er kvartað á miðstigi en sá hópur er stærstur og er mikil læti í þeim. Ekki hafa verið að koma kvartanir frá eldri nemendum. Matartíminn er stuttur en búið er að fjölga skömmtunarstöðum til þess að börnin fái meiri tíma til að borða. Miðstigið er stærst og því einhverjar raðir hjá þeim
3. SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) bjóða upp á fjölda fyrirlestra um netið og nýmiðla fyrir nemendur, foreldrafélög, skólaráð, kennara og félagasamtök. Foreldrafélag Smáraskóla hefur áhuga á að kaupa sameiginlega fyrirlestur um samskipti og tæknimál fyrir börn. Þar er meðal annars farið yfir rafrænan útivistatíma og snjalltækni. Anna Rós ætlar að hafa samband við tengilið Smáraskóla.
4. Skólastarfið hefur gengið vel og ekkert sem hefur komið á borð foreldrafélagsins.
5. Félagsgjöldin farin út. Stefanía hefur fengið lista yfir félagsmenn Kársnesskóla og sent á bankann. Um er að ræða valgreiðslukröfu. Félagsgjöldin eru óbreytt milli ára.
6. Það hefur ekki tekist að manna röltstjóra fyrir þetta skólaár. Það verður í forgangi fyrir næsta skólaár. Þess skal þó haldið til haga að nokkrir bekkir hafa verið duglegir að rölta og fá þeir bestu þakkir fyrir.
7. Anna Rós skipuleggur Teams fund með Björgu skólastjóra. Foreldrafélagið fagnar áframhaldandi góðu samstarfi við skólastjóra og skólann.
8. Anna Rós sendir tölvupóst á skrifstofu Kópavogsbæjar með ósk frá foreldrafélagi Kársnesskóla að settar verði upp eftirlitsmyndavélar við Hamraborgina.
9. Önnur mál, Við minnum á bekkjarstyrkinn 10.000.- á hvern bekk og/eða 30.000.- á árgang.

Fundi slitið.